



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

**Efni:** *Samningur við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Vinasamtök pólska skólans vegna pólska skólans um móðurmálskennslu*

Á fundi borgarráðs þann 8. júní 2023 var samþykkt að fela skóla- og frístundasviði að fara í viðræður við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Pólska skólann (Vinasamtök Pólska skólans er rekstraraðili) með það að markmiði að gera þjónustu þeirra gjaldfrjálsa. Markmiðið með tillögunni er að ná samningum um aukinn stuðning við Móðurmál og Pólska skólann til að hin mikilvæga kennsla þeirra verði endurgjaldslaus. Það myndi tryggja aðgengi að móðurmálskennslu án tillits til efnahags og stuðla að því að börn með annað móðurmál en íslensku gætu nýtt frístundakort sitt til að taka þátt í öðrum frístundum, sem er hverju barni nauðsynlegt. Óskað hefur verið eftir því að fyrrgreint samþykki verði einnig fyrir skólaárið 2024-2025.

Meðfylgjandi eru drög að samningum við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Vínafélag pólska skólans þar sem gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg greiði gjöld barna með lögheimili í Reykjavík vegna náms sem þau stunda nám hjá a) Samtökunum móðurmál kr. 20.000 kr. pr. nemanda fyrir skólaárið 2024-2025, að hámarki vegna 350 nemenda, hámarksfjárhæð kr. 7.000.000.- b) í Pólska skólanum 100.000 kr. pr. nemanda fyrir skólaárið 2024-2025, að hámarki 199 nemendur, hámarksfjárhæð kr. 19.900.000.- Um er að ræða börn á aldrinum þriggja ára til sextán ára. Heildargreiðsla skóla- og frístundasviðs fyrir skólaárið 2024- til 2025 verður að hámarki 26 milljónir og 900 þúsund krónur. Á fjárhagsárinu 2024 er kostnaður 26 milljónir og 900 þúsund krónur. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs. Hagrætt verður fyrir verkefninu svo það rúmist innan fjárheimilda sviðsins.